



LANDVERND

Ránargata 18
101 Reykjavík
Sími: 552 5242
Fax: 562 5242
Netfang: landvernd@landvernd.is
Veffang: www.landvernd.is

Umhverfisnefnd Alþingis
Bt. Evu Margrétar Ævarsdóttur
Alþingi
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 130/954
komudagur 6.2.2004

4. febrúar 2004

Efni:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum (nr. 106/2000) og frumvarp til laga um breytingar á skipulags- og byggingarlögum nr. (73/1997) [301 og 302 mál]

Við er í bréf umhverfisnefndar Alþingis dagsett 24. nóvember s.l. þar sem lýst er eftir umsögn Landverndar um frumvörp til breytinga á lögum um mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingalögum. Helstu athugasemdir stjórnar Landverndar eru eftirfarandi:

- Breyta þarf skilgreiningu á „umhverfisverndarsamtök” og bæta við skilgreiningum á „hagsmunasamtök” og „hlutaðeigandi samtök almennings”.
- Viðhalda ber hugtakinu “umtalsverð umhverfisáhrif.”
- Tryggja þarf opna og aðgengilega umfjöllun um endanlega skýrslu um mat á umhverfisáhrifum með áþekktum hætti og nú er gert.
- Kveða verður skýrt á um að framkvæmdaleyfi beri að vera í samræmi við álit Skipulagsstofnunar.
- Styrkja þarf málskotsrétt almennings.
- Skýra þarf betur stöðu mismunandi leyfisveitenda.
- Skrá þarf stórar verslunarmiðstöðvar í viðauka I.
- Styrkja þarf forsendur fyrir faglegri aðkomu almennings og félagasamtaka.

Nánar er greint frá athugasemdum Landverndar í meðfylgjandi greinagerð.

Til fróðleiks fylgir frásögn af málstofu Landverndar um þetta mál sem haldin var 7. janúar s.l.

F.h. stjórnar Landverndar

Tryggvi Felixson framkvæmdastjóri

Greinargerð stjórnar Landverndar:

Efni:

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum (nr. 106/2000) og frumvarp til laga um breytingar á skipulags- og byggingarlögum nr. (73/1997) [301 og 302 mál]

I. Lögin um mat á umhverfisáhrifum:

1. Skilgreiningar – 3. gr. frumvarpsins

Heitið „umhverfisverndarsamtök“ er skilgreint sem samtök sem hafa umhverfisvernd að meginmarkmiði, opin fyrir almenning sem gefa út ársskýrslu um starfsemi sína og hafa endurskoðað bókhald. Hins vegar virðist ekki liggja í augum uppi hvað felst í heitinu „hagsmunasamtök“ sem vísað er til í 12. gr. frumvarpsins um mat á umhverfisáhrifum. Það er nauðsynlegt að bæta úr þessu.

Tillaga að skilgreiningu: Hagsmunasamtök: Samtök aðila sem hafa beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar, þ.m.t. félög landeigenda og veiðifélög.

Þá er ástæða til að tilgreina önnur samtök sem *hlutaðaeigandi samtök almennings*. Skilgreining á þeim gæti verið: Samtök almennings sem starfa að málum sem tengjast viðkomandi framkvæmd með beinum eða óbeinum hætti (gæti átt við t.d. útivistarsamtök og íbúasamtök).

2. Flokkun og viðmið umhverfisáhrifa – 8. gr. frumvarpsins

Í frumvarpinu er lagt til að fallið verði frá því að nota hugtakið „umtalsverð umhverfisáhrif“ sem viðmiðun við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Í þess stað er umhverfisstofnun falið að gefa út leiðbeiningar um flokkun og viðmið umhverfisáhrifa sem framkvæmdaaðila ber að fylgja í niðurstöðu matskýrslu.

Fram að þessu hefur hugtakið „umtalsverð umhverfisáhrif“ verið helsta viðmiðun þegar framkvæmdri hafa verið metnar. Stjórn Landverndar telur gagnlegt að viðhalda þessu hugtaki sem viðmiðun í matsferlinu. Hugsanlega má gera það í þeim leiðbeiningum um flokkun og viðmið (sem mælt er fyrir í 15. gr. frumvarpsins) sem Skipulagsstofnun kemur til með að gefa út, nái þessar breytingartillögur fram að ganga. Það myndi þó styrkja stöðu þessa viðmiðs ef það ætti sér stoð í sjálfum lögnum.

Skilningur stjórnar Landverndar er sá að allar framkvæmdir sem talið er að geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif skuli teknar til mats. Leiði matsferlið í ljós að framkvæmd hafi óhjákvæmilega í för með sér „umtalsverð umhverfisáhrif“ liggi það í hlutarins eðli að sú niðurstaða komi skýrt fram í umsögn Skipulagsstofnunar hér eftir sem hingað til.

3. Drög að matsskýrslu – 9. gr. frumvarpsins

Í breytingartillögum við 10. gr. er lagt til að framkvæmdaaðili leggi fram til skoðunar og umfjöllunar drög að matsskýrslu með áþekktum hætti og gert er með endanlega matsskýrslu í gildandi lögum. Framkvæmdaaðila ber að fjalla um framkomnar athugasemdir og umsagnir og taka afstöðu til þeirra í endanlegri skýrslu.

Að mati stjórnar Landverndar er þetta jákvæð breyting. Þetta dregur þó ekki úr gildi þess að taka hina endanlegu skýrslu til opinna og aðgengilegrar umfjöllunar með áþekktum hætti og nú er gert. Stjórn Landverndar telur því að viðhalda beri núverandi ákvæðum um kynningu og umsagnir um endanlega matsskýrslu (sbr. 21. og 22. gr. í reglugerð um mat á umhverfisáhrifum). Hugsanlega mætti stytta kynningartíma úr sex vikum í fjórar í ljósi þessa að viðkomandi aðilar hafa áður fengið tækifæri til að kynna sér drög að matsskýrslu.

4. Álit Skipulagsstofnunar – 10. gr. frumvarpsins

Í framlögðum tillögum felst grundvallarbreyting á niðurstöðu úttektar Skipulagsstofnunar. Í stað þess að Skipulagsstofnun kveði upp rökstuddan úrskurð um mat á umhverfisáhrifum, þar sem heimilt er að fallast á viðkomandi framkvæmd með eða án skilyrða eða leggjast gegn henni vegna umtalsverðra umhverfisáhrifa, er lagt til að stofnunin gefi rökstutt álit sitt á því hvort framlögð skýrsla uppfylli skilyrði laga og reglugerða og hvort umhverfisáhrifum sé lýst fullnægjandi. Jafnframt skal stofnunin tilgreina skilyrði og mótvægisáðgerðir og færa rök fyrir þeim. Stofnun skal veita álit sitt innan fjögurra vikna frá því skýrsla framkvæmdaaðila liggur fyrir.

Stjórn Landverndar telur að í megin atriðum sé þessi breyting ásættanleg að því gefnu að skýrar verði kveðið á í öðrum ákvæðum um stöðu álitssgerðar Skipulagsstofnunar, bæði í lögum um mat á umhverfisáhrifum og í skipulags- og byggingarlögum. Þá telur stjórn Landverndar að veita beri Skipulagsstofnun meira en fjórar vikur, jafnvel allt að 8 vikur, til að ljúka umfjöllun um skýrsluna. Reynslan bendir til þess að í stórum og flóknum framkvæmdum þurfi að ætla sér rúman tíma. Að lokum telur stjórn Landverndar mikilvægt að kveðið verði á um að allar athugasemdir sem kunna að koma fram vegna álits Skipulagsstofnunar verði hluti af þeim gögnum sem leyfisveitandi fær.

5. Mat á fleiri framkvæmdum samtímis (5. gr. frumvarps) og endurskoðun matsskýrslu (11. gr. frumvarpsins)

Stjórn Landverndar fagnar tveimur breytingartillögum sérstaklega:

Í fyrsta lagi ákvæði þess efnis að í þeim tilvikum þegar fleiri en ein matsskyld framkvæmd er fyrirhuguð á sama svæði eða þær eru háðar hver annarri, þá geti Skipulagsstofnun að höfðu samráði við viðkomandi framkvæmdaaðila og leyfisveitendur ákveðið að umhverfisáhrif þeirra skuli metin sameiginlega. Undanfarin ár hefur stjórn Landverndar ítrekað bent á aðgreindar framkvæmdir sem æskilegt hefði verið að meta sem eina heild í þeim tilgangi að fá skýrari mynd á heildaráhrif þeirra á umhverfið. Þetta ákvæði ætti að leiða til þess að umhverfisáhrif verði metin með heildstæðari hætti í framtíðinni en fram að þessu.

Í öðru lagi telur stjórn Landverndar til bóta nýtt ákvæði þess efnis að krefjast megi endurskoðunar á matsskýrslu ef framkvæmdir hefjast ekki innan 6 ára frá því að álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum lá fyrir. Tækniframfarir og þekking á umhverfi fer sífellt vaxandi og því geta komið fram nýjar og mikilvægar upplýsingar á skemmri tíma en 6 árum sem breyta forsendum viðkomandi framkvæmdar.

6. Málskot til ráðherra – 12. gr. frumvarpsins

Í 12. grein frumvarpsins er fjallað um málskot til ráðherra vegna ákvörðunar Skipulagsstofnunar um matsskyldur og endurskoðun eldri matsskýrslu. Þar kemur fram að kæruréttur yrði bundinn við þá sem eiga sérstakra og lögvarinna hagsmuna að gæta og umhverfis- og hagsmunasamtök með varnarþing á Íslandi með a.m.k. 50 félagsmenn og sem starfa í tilgangi sem samræmist þeim hagsmunum sem kæran lýtur að. Í þessu ákvæði felast mun meiri takmarkanir um aðild en eru í núgildandi lögum.

Það er yfirlýstur tilgangur þessara breytingatillagna að takmarka aðild almennings. Í greinargerð segir að með þessari breytingu verði málsaðild líkari því sem þekktist á Norðurlöndunum. Stjórn Landverndar telur að hér sé gengið of langt í þá átt að takmarka aðild. Í minni sveitarfélögum getur verið erfitt að uppfylla kröfur um fjölda félagsmanna í umhverfis- og hagsmunasamtökum og því verði að lækka viðmiðunartölu um fjölda félaga. Þá verði að tryggja að almenningur geti stofnað til nýrra samtaka vegna tiltekinnar framkvæmdar og eiga þá kröfur um ársskýrslu og endurskoðaða reikninga ekki við. Samtök sem stofnuð eru um tiltekið málefni eða framkvæmd verða tvímælaust að geta átt málsaðild að því gefnu að þau uppfylli þá kröfu að vera opin fyrir almenningi.

II. Skipulags- og byggingalög:

1. Málskotsréttur til úrskurðarnefndar – 2. gr. frumvarpsins.

Í frumvarpinu er málskotsréttur bundinn við þá sem eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun og að um sé að ræða ákvörðun sem tengist framkvæmd sem fellur undir mat á umhverfisáhrifum þá eiga umhverfisverndar- og hagsmunasamtök sem varnarþing eiga á Íslandi jafnframt sama rétt, enda séu félagsmenn samtakanna 50 eða fleiri og það samrýmist tilgangi þeirra að gæta þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að.

Stjórn Landverndar fær ekki séð nein efnisleg rök fyrir því að hafa mismunandi ákvæði um málskotsrétt eftir því hvort um er að ræða framkvæmdaleyfi eða skipulagsákvörðun. Ákvarðanir í skipulagsmálum varða oft mikla hagsmuni tengda umhverfis- og náttúruvernd og því eðlilegt að þær lúti sömu reglum um málskot og gilda um veitingu framkvæmdaleyfa.

Þá telur stjórn Landverndar að takmarkanir á málskostrétti séu meiri en eðlilegt getur talist. Í minni sveitarfélögum getur verið erfitt að uppfylla kröfur um fjölda félagsmanna í umhverfis- og hagsmunasamtökum og því verði að lækka viðmiðunartölu um fjölda félaga. Þá verði að tryggja að almenningur geti stofnað til nýrra samtaka vegna tiltekinnar framkvæmdar eða skipulagstillögu og því er það óásættanlegt að gerð sé krafa um ársskýrslu og endurskoðaða reikninga. Því leggur stjórn Landverndar til að

málskotsréttur, bæði vegna framkvæmdaleyfis og skipulagsáskvarðana sveitarfélaga, verði bundinn við umhverfisverndarsamtök, hagsmunasamtök og önnur hlutaðeigandi samtök almennings (sjá skilgreiningu að framan).

2. Sveitarstjórn og álit Skipulagsstofnunar – 3. gr. frumvarpsins.

Í frumvarpinu segir að sveitarstjórn beri að taka afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar.

Stjórn Landverndar telur afar mikilvægt að gerð sé lögformleg krafa um að sveitarstjórnir veiti framkvæmdaleyfi í samræmi við álitsgerð Skipulagsstofnunar. Að öðrum kosti er hætt á því að grafið verði undan meginmarkmiðum laga um mat á umhverfisáhrifum þar sem niðurstaða hins faglega mats hafi ekki eðlilegt vægi við veitingu framkvæmdaleyfis. Allt matsferlið kæmi því til með að hanga í lausu lofti þar sem engin trygging væri fyrir því að framkvæmdaleyfi sé í meginatriðum byggt á niðurstöðum matsins.

Ýmis atriði

Margir leyfisveitendur

Í umfjöllun um málið á opinni málstofu Landverndar kom fram að Aðalheiður Jóhannsdóttir, lögfræðingur og aðjúntk við lagadeild H.Í., telur að það sé stór galli við framlagðar tillögur hve staða mismunandi leyfisveitenda sé óljós. Taldi Aðalheiður að við núverandi fyrirkomulag gæti framkvæmdaleyfi ekki nema í örfáum tilvikum verið raunverulegt leyfi til framkvæmda. Reynist þetta rétt ríkir veruleg réttaróvissa í málinu. Stjórn Landverndar telur mikilvægt að umhverfisnefnd kynni sér þessar athugasemdir og geri eftir atvikum ráðstafanir til úrbóta.

Verslunarmiðstöðvar í viðauka I

Rétt er að vekja athygli á því að stórar verslunarmiðstöðvar geta haft víðtæk og umtalsverð áhrif á umhverfið. Það er rík ástæða til að verslunarmiðstöðvar séu tilgreindar sem framkvæmd í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Styrkir til félagasamtaka sem þurfa að leita faglegrara aðstoðar

Mat á umhverfisáhrifum er krefjandi ferli þar sem fagaðilar á mörgum sviðum leggja fram fræðilegar upplýsingar og tæknilegar viðmiðanir sem eru lítt eða jafnvel algjörlega óskiljanlegar fyrir almenning og félagasamtök. Það er því mikilvægt að tryggja að almenningur og félagasamtök geti leitað aðstoðar sérfræðinga þegar verið er að meta framlögð gögn. Þetta myndi tryggja meira jafnræði á milli málsaðila. Það er löngu tímabært að stofnaður verði sjóður sem hafi þann tilgang að auðvelda almenningi og félagasamtökum að afla sér nauðsynlegrar sérfræðiaðstoðar. Dæmi eru til um slíka sjóði í löndum sem Ísland er oft borið saman við.

**Umhverfismálstofa Landverndar 7. janúar 2004,
Norræna húsið Reykjavík:
Mat á umhverfisáhrifum, *Breytingar til batnaðar?***

Á málstofunni var fjalla um tillögur umhverfisráðherra um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlögum sem lögð hafa verið fyrir Alþingi. Frummælendur voru fjórir.

Sigríður Auður Arnardóttir, skrifstofustjóri umhverfisráðuneytinu
Sigríður lýsti megin atriðum í breytingartillögum umhverfisráðherra.

Megin sjónarmið sem ráðuneytið hafði að leiðaljósi koma fram í ákvæði til bráðabirgða III í gildandi lögum, að samræma og sameina mat við leyfisveitingar, að skipulagsáætlanir komi að einhverju leyti í stað mats á umhverfisáhrifum framkvæmda (máu) og að færa beri ábyrgð á mati í meira mæli til framkvæmdaraðila. Tilgangurinn er að tryggja að við veitingu leyfis til framkvæmda liggi fyrir helstu upplýsingar um þá þætti umhverfisáhrifa framkvæmda sem máli skipta. Þetta taldi Sigríður vera í samræmi við viðkomandi tilskipun Evrópusambandsins.

Ein megin breytingin felst í því að Skipulagsstofnun mun ekki taka afstöðu til þess hvort fallast beri á framkvæmd með eða án skilyrða eða leggjast gegn framkvæmd. Þess í stað mun Skipulagsstofnun veita álit á matsskýrslu framkvæmdaraðila. Í álit skipulagsstofnunar mun koma fram hvort matsskýrslan uppfylli skilyrði laga og reglna og hvort umhverfisáhrifum sé lýst á fullnægjandi hátt. Skipulagsstofnun mun geta sett skilyrði í álit sínu.

Í breytingartillögunum felst að tekin verða af öll tvímæli um það að leyfisveitandi ákveður hvort hafna eða leyfa skuli framkvæmd. Álit Skipulagsstofnunar verður kynnt almenningi með auglýsingu við útgáfu framkvæmdaleyfis. Öllum leyfisveitendum sbr. skilgreiningu á leyfi til framkvæmda í frumvarpi til skipulags- og byggingarlaga beri að kynna sér matsskýrslu og taka afstöðu til hennar. Fallist þeir ekki á álit Skipulagsstofnunar ber þeim að rökstyðja það. Kærumöguleikar verða fyrir hendi, en þeir verða takmarkaðri en í núgildandi lögum um úrskurð Skipulagsstofnunar.

Drög að matsskýrslu verða kynnt og almenningi verður gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau. Framkvæmdaraðila ber að lýsa helstu umhverfisáhrifum og gera grein fyrir athugasemdum almennings og umsagnaraðila við drög að matsskýrslu.

Í niðurstöðu matsskýrslu skulu koma fram flokkun og viðmið umhverfisáhrifa einstakra þátta framkvæmdarinnar til að lýsa á sem hlutlægastan hátt umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Skipulagsstofnun ber að setja leiðbeinandi reglur um flokkun og viðmið til að meta og lýsa umhverfisáhrifum. Jafnframt verður fallið frá því að nota hugtakið „umtalsverð umhverfisáhrif“ en framangreind lýsing komi í staðinn.

Leyfisveitendum ber að kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila og taka afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um máu og við veitingu framkvæmdaleyfis skal kanna hvort framkvæmd sé í samræmi við skipulagsáætlanir. En leyfisveitendur verða ekki bundnir af áliti Skipulagsstofnunar. Það er hlutverk sveitarstjórnar að taka ákvörðun um útgáfu framkvæmdaleyfis. Sú ákvörðun verður kæránleg til úrskurðanefndar skipulags- og byggingarmála. Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskýldu framkvæmda verður kæránleg til ráðherra eins og áður.

Aðalheiður Jóhannsdóttir, lögfræðingur og aðjúntk við lagadeild H.Í.

Aðalheiður telur núgildandi lög vera í ósamræmi við tilgang mats á umhverfisáhrifum og ekki í samræmi við tilskipun EB sem innleidd er í íslenskan rétt samkvæmt EES samningnum. Reglur um mat á umhverfisáhrifum eru málsmeðferðarreglur en ekki eiginlegar efnisreglur umhverfis- og náttúruverndar. Þær eru hins vegar að finna í ýmsum lagabálkum, t.d. í lögum um náttúruvernd og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Aðalheiður telur einnig að núgildandi fyrirkomulag sé í ósamræmi við meginreglur íslenskrar stjórnsýslu og þá verkaskiptingu sem gildi í stjórnsýslunni lögum samkvæmt. Núgildandi lög hafa valdið réttaróvissu og að því leyti séu breytingatillögurnar til bóta.

Aðalheiður sagði að núgildandi fyrirkomulag leiði óhjákvæmilega til þess að framkvæmdaaðili hafi tilhneigingu til að draga úr lýsingum á neikvæðum áhrifum framkvæmda. Umhverfisáhrif matsskyldra framkvæmda væru að fyrrabragði álitin umtalsverð hins vegar hefði framkvæmdin verið sú að framkvæmdaraðila væri oftast gert að sanna að slíkt áhrif væru ekki til staðar. Með því að breyta úrskurði í álitsgerð mætti draga úr tilhneigingu í þessa átt og slíkt fyrirkomulag væri í betra samræmi við tilgang mats á umhverfisáhrifum og EB tilskipunina.

Aðalheiður taldi að stærsta gallann við þær tillögur sem lagðar hefðu verið fram að ekki væru lagðar til breytingar á þeim lögum sem leyfisveitendur byggja heimildir sínar á en framkvæmdaleyfi gæti ekki nema í örfáum tilvikum verið raunverulegt leyfi til framkvæmda.

Hilmar J. Malmquist, líffræðingur, fulltrúi frjálsra félagasamtaka

Hilmar taldi að sjá mætti ýmislegt jákvætt í framlögðum tillögum og nefndi í því sambandi ákvæði um heimild til að meta tvær eða fleiri framkvæmdir samtímis, heimildarákvæði um að stytta tíma til að endurskoða matsskýrslu úr 10 árum í 6 ár og nýtt ákvæði í markmiðssetningu laganna þess efnis að markmiðið með mati á umhverfisáhrifum sé „að draga eins og kostur er úr umhverfisáhrifum framkvæmda”.

Hilmar lýsti því sem afturför að fella út hugtakið „umtalsverð umhverfisáhrif” og að nær væri að skerpa á skilgreiningu hugtaksins, enda um lykilhugtak að ræða í öllu matsferlinu. Þá væri stórt skref stigið aftur á bak að gera ekki lengur kröfu til þess að niðurstaða leyfisveitanda væri í samræmi við álit Skipulagsstofnunar.

Í tillögunum er gert ráð fyrir því að opin aðkoma allra nema Skipulagsstofnunar ljúki á „handritastigi” matsskýrslu, þ.e. að athugasemdir verði gerðar við drög að skýrslu. Þetta

taldi Hilmar að myndi draga úr virkum skoðanaskiptum milli aðila og að gæði skýrslna myndu minnka. Þá eru ákvæði sem binda kærurétt við þá sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta og umhverfis- og hagsmunasamtök. Þetta taldi Hilmar að hefði í för með sér þrenginu á almannarétti miðað við gildandi lög. Að mati Hilmars mun frumvarpið í heild almennt veikja stöðu almennings og frjálsra félagasamtaka ef það nær að ganga fram óbreytt.

Katrín Theodórsdóttir lögmaður

Katrín taldi markverðustu breytingarnar felast í því að ábyrgð á ákvörðun yrði færð yfir til leyfisveitanda og aðkoma almennings þrengd. Þá væri ljóst að álit um mat á umhverfisáhrifum yrði ekki bindandi fyrir leyfisveitendur og skilgreining á „umtalsverðum umhverfisáhrifum” félli brott. Taldi Katrín að „vígtennurnar væru dregnar úr lögnum” með því að afnema skilgreiningu á umhverfisáhrifum.

Katrín taldi að einn megin tilgangur laganna ætti að vera að tryggja utanaðkomandi aðilum aðgang að upplýsingum og gera þeim kleift að taka þátt í umfjöllun. Í þessu fælist aðhald en jafnframt væri viðtæk þekking virkjuð til starfa. Því væri æskilegt að endanleg matskýrsla væri kynnt og lýst eftir athugasemdum við hana, en ekki eingöngu drög að skýrslu eins og tillögurnar gera ráð fyrir.

Að mati Katrínar yrðu það sennilega mjög fáir sem kæmu til með að eiga lögvarinna hagsmuna að gæta og ákvæði um að binda kærurétt við „lögvarða hagsmuni” gengju þvert á þá réttarþróun sem væri mörkuð í Árósasamningnum.

Fundarstjóri var Ólöf Guðný Valdimarsdóttir formaður Landverndar. Eftir að framsögumenn höfðu flutt mál sitt komu fram fjölmargar fyrirspurnir.

Tryggvi Felixson framkvæmdastjóri Landverndar tók þessa frásögn saman.